

Á árinu 1988 eru áætlaðar tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga miðað við lög um tekjustofna sveitarfélaga svo sem hér segir (í millj. kr.):

Af almennum aðflutningsgjöldum, 5%	119.7
Af sölugjaldi, 8% (af 20%)	2149.0
	<hr/>
	2268.7
Greitt í Jöfnunarsjóð eftir skerðingu tekna skv. lánsfjárlögum 1988 og lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum	1142.0
Skerðing á tekjum Jöfnunarsjóðs 1988	1126.7
	<hr/>

Skerðingin nemur réttum helmingi tekna eða um 49,7%.

Þessi útreikningur Þjóðhagsstofnunar er miðaður við nýja söluskattskerfið og síðustu spá um innflutning og söluveltu á árinu. Sé hins vegar miðað við eldra tekjuöflunarkerfi eins og það var á liðnu ári og nýjustu þjóðhagsspá nemur skerðingin 662 millj. kr. af 1804 millj. kr. tekjum sjóðsins eða um 37%.

Þessi mikla skerðing á tekjum sveitarfélaga hefur víða valdið miklum vandræðum. Á sl. ári námu tekjur Jöfnunarsjóðs 1100 millj. kr. og þar af fóru 6% lögum samkvæmt til að greiða aukaframlag til þeirra sveitarfélaga sem ekki náðu meðaltekjum. En vegna skerðingar á tekjum sjóðsins dugðu aukaframlögin aðeins til að jafna 45% af þeim mun sem var á meðaltekjum sveitarfélaga og tekjum þeirra sem þörfnuðust aukaframlaga. En samkvæmt reglugerð er að því stefnt að jafna 70% af þessum mun.

Með skerðingu Jöfnunarsjóðs er ríkisstjórnin einfaldlega að leysa vanda ríkissjóðs með því að flytja hann yfir á sveitarfélögin. Þetta er algert ábyrgðarleysi enda eru það fyrst og fremst þau sveitarfélög, sem erfðast standa fjárhagslega, sem fá stærsta skellinn vegna áhrifa skerðingarinnar á aukaframlögum Jöfnunarsjóðs.

Skerðing tekna í Jöfnunarsjóði verður að taka enda og því er þessi tillaga flutt.

Fylgiskjal.

Ályktun fulltrúaráðs Sambands ísl. sveitarfélaga 25. mars 1988.

Fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga mótmælir harðlega síendurteknum skerðingum á lögbundnum framlögum í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Sérstaklega er því mótmælt að ríkisstjórnin skuli nú hrifsa til sín hundruð milljóna króna úr Jöfnunarsjóði í tengslum við sérstakar efnahagsaðgerðir, umfram þá skerðingu sem gert var ráð fyrir í nýsamþykktum fjárlögum.

Þessi síðasta aðför að Jöfnunarsjóðnum er sérstaklega alvarleg nú í ljósi þess að ekki var hlustað á röksemdir sveitarstjórna í sambandi við ákvörðun um innheimtuprósentu útsvara á þessu ári, en innheimtuprósentan var einhliða ákveðin af ríkisvaldinu. Afleiðing þeirrar ákvörðunar ásamt skerðingu framlaga til Jöfnunarsjóðs er nú sem óðast að koma í ljós við fjárhagsáætlanagerð sveitarfélaganna víða um land, sérstaklega á landsbyggðinni. Þar stendur nú fjöldi sveitarstjórna frammi fyrir þeirri staðreynd að rekstrartekjur sveitarfélaganna nægja vart fyrir rekstrargjöldum.

Á milli ríkisins og sveitarfélaganna hefur verið í gildi sáttmáli sem í reynd hefur verið form um ákveðið og skipulagt fundahald. Þar hefur hvor aðili fyrir sig reifað sín mál og áhersluatriði, m.a. í sambandi við fjárhagsmál. Að undanfögnu hefur nánast ekkert tillit verið tekið til sjónarmiða sveitarfélaganna af hálfu ríkisvaldsins. Afleiðingin, sem nú blasir við eftir síðustu aðför að Jöfnunarsjóði, er alvarlegur trúnaðarrestur milli þessara aðila.

Fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga krefst þess að Alþingi afturkalli allar skerðingar á framlögum til Jöfnunarsjóðs og telur að það sé grundvallarforsenda fyrir eðlilegu samstarfi þessara aðila.

Vegna erfiðrar fjárhagsstöðu margra sveitarfélaga krefst fulltrúaráðið þess að framlag til Jöfnunarsjóðs verði hækkað þegar á þessu ári um 60–80 millj. kr. Þetta framlag verði notað til að greiða aukaframlag til þeirra sveitarfélaga sem hafa lægri tekjur en nemur meðaltali sambærilegra sveitarfélaga. Framlag þetta bæti þá fjárvöntun allt að 80%, enda hafi viðkomandi sveitarfélag fullnýtt tekjustofna sína.

Fáist ekki aukið fé í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga eins og tillagan felur í sér telur fulltrúaráðið nauðsynlegt að endurskoða öll samskipti og samstarf ríkis og sveitarfélaga og að boðað verði til aukafundar fulltrúaráðsins eigi síðar en í maímánuði næstkomandi.